



# Áhyggjulaus jól! - Byrjaðu núna!

Manstu þegar jólahátíðinni lauk í fyrra og þú hugsaðir með þér að „næstu jól mun ég...“. Jæja, nú hefurðu góðan tíma til að skipuleggja jólaundirbúninginn – því fyrr sem þú hefst handa, því betra! Jólin eru einn dýrasti tími ársins. Við kaupum gjafir fyrir fjölskyldu og vini og verslum kræsingar í matinn. Reikningarnir geta því orðið ansi háir í kjölfarið og hvílt þungt á herðum okkar. Til að forðast stress og hjálpa okkur að halda jól sem við getum notið til fullnustu höfum við tekið saman nokkur góð ráð til að skipuleggja jólin í tæka tíð!

## Hvað eyddirðu miklu í fyrra?

Taktu saman lista yfir allar þær gjafir sem þú keyptir um síðustu jól (vonandi manstu það svona nokkurn veginn!) og skráðu niður viðbótar útgjöld við matarkaup, ferðalög, gistingar, boð og jólatónleika og þar fram eftir götum. Berðu þetta svo saman við banka-yfirlit, kreditkortareikninga og kvittanir frá þessum tíma – eru útgjöldin í samræmi við það sem þú hafðir giskað á?

Eða eyddirðu meiru en þú hélst?

## Hvernig fjármagnaðir þú jólaútgjöldin?

Ef þú fjármagnaðir jólin með lánum, kreditkortum, greiðsludreifingu eða með tilboðum um að „borga seinna“ þá er mikivægt að skoða hvernig gekk að greiða niður þau lán sem þú tókst þá. Hvernig lán tókstu, voru þau hagstæð?

## Gerðu lista yfir allar gjafir sem þú keyptir

Voru þær allar nauðsynlegar? Kannski væru vinir þínir og fjölskylda bara ánægðari ef þið gerðuð eitthvað annað í ár. Til dæmis gæti „leynivínur“ verið málið fyrir fjölskylduna eða vinahringinn eða þið gætuð komið ykkur saman um hámarksverð eða einfaldlega sammælst um að hittast og gera eitthvað saman. Ræddu þetta við vini og vanda-menn núna, svo þér líði ekki illa yfir að stinga upp á þessu rétt fyrir jól!

## Jólaöskurinn

Þurfa allir á heimilinu á nýjum fötum að halda? Ef ekki þá væri ágætt að forgangsraða og kaupa ný föt í samræmi við þörf og aldur. Smábörnum er til að mynda nokkuð sama hvort þau eru í splunkunýjum fötum eða ekki.

## Skynsamleg innkaup

Hvar verslaðir þú fyrir jólin í fyrra? Keyptirðu í búðum eða í gegnum vefverslanir? Keyptirðu allt á síðustu stundu? Margir söluaðilar eru með útsölur oft á ári, ekki síst í nóvember, til að hvetja okkur til að hefja jólainnkaupin. Þeir sem eru skipulagðir geta sparað sér umtalsverðar upphæðir með því að nýta sér þær!

Ef þú fékkst að dreifa afborgunum, athugaðu þá hversu háa vexti þær bera og hver lokaupphæðin er þegar allt er tekið saman. Ef þú vilt kaupa eitthvað ákveðið, fylgstu þá með vaxtalausum tilboðum, tilboðsdögum eða ókeypis heimsendingum og nýttu þessi tilboð.

## Gerðu áætlun

- Gerðu lista yfir allt sem þú þarft að kaupa fyrir jólin. Skiptu honum í gjafir, mat, föt, ferðakostnað og viðburði (notaðu töfluna hér að aftan!).
- Áætlaðu hversu miklu þú munt verja í hvern lið á listanum.
- Forgangsraðaðu – hvað er mikilvægast á listanum? Hverju myndirðu sleppa ef þú hefðir ekki mikið milli handanna?

## Byrjaðu að spara

Byrjaðu á að taka saman forgangsatriðin á listanum þínum. Síðan skaltu reikna út hvað það eru margar vikur til jóla. Deildu í heildarkostnaðinn með fjölda vikna til að sjá hvað þú ættir að leggja fyrir í hverri viku. Hefurðu efni á að leggja þetta til hliðar? Ef ekki, þarftu að líta aftur á listann og skera hann eitthvað niður.

Byrjaðu á að leggja fyrir fasta upphæð í hverri viku eða mánuði inn á sér-stakan reikning – einhvers staðar þar sem þú hefur ekki svo greiðan aðgang að peningunum!

Ræddu sparnað við vini þína til að fá fleiri hugmyndir og mundu – meiri sparnaður = minni lántaka = minna stress = meiri ánægja!

## Gerðu lista.

Matur	Lýsing	Krónur
Hefðbundin matarinnkaup á viku		
Kvöldmatur á aðfangadag <i>lamb / hamborgarahryggur / rjúpa, annað</i>		
Grænmeti		
Eftirréttur		
Drykkir		
Annað		
Jólafötin	Lýsing	Krónur
Fyrir mig		
Fyrir maka		
Barn 1		
Barn 2		
Barn 3		
Gjafir og kort	Lýsing	Krónur
Fyrir maka		
Barn 1		
Barn 2		
Barn 3		
Aðrir ættingjar		
-Foreldrar		
-Systkini		
Nánir vinir		
- Nafn 1		
- Nafn 2		
- Nafn 3		
Jóla kort		
Sendingakostnaður korta		
Sendingakostnaður gjafa		
Viðburðir	Lýsing	Krónur
Jólaboð í vinnu		
Jólatónleikar		
Fara út með vinum		
Fjölskyldu jólaboð		
Fjölskyldudagur		
Annað með börnum		
Heildarkostnaður		Krónur
Hvað get ég lagt mikið til hliðar í hverri viku/mánuði?		
Fjöldi vikna/mánaða að jólum, deilt með heildarkostnaði:		